



Akureyri 13. júlí 2010

## Kæru fermingarbörn og foreldrar/forráðamenn

Við hér í Akureyrarkirkju erum nú farin að huga að okkar árlegu ferð Fermingarskólans að Vestmannsvatni og viljum við boða þau ungmenni til hennar sem ætla að fermast næsta vor. Einnig eru þau velkomin sem ekki hafa í hyggju að fermast. Farið er í þremur hópum og gistir hver hópur eina nótt. Þetta er í sjötta sinn sem fermingarbörn eru boðuð að Vestmannsvatni, en reynsla okkar af þessum samverum er ákaflega góð. **Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlegast beðin að skrá fermingarbörnin í ferðina, á netfangið [gyda@akirkja.is](mailto:gyda@akirkja.is) eða hjá ritara í síma 462 7700, fyrir miðvikudaginn 10. ágúst næstkomandi.**

Hér eru helstu upplýsingar vegna fermingarskólans.

**Hópur 1: Brekkuskóli. Fer þriðjudaginn 16. ágúst.**  
**Mæting kl. 16.15 við Akureyrarkirkju, brottför kl. 16.30.**  
**Heimkoma: miðvikudaginn 17. ágúst kl. 18.00.**

**Hópur 2: Lundarskóli. Fer miðvikudaginn 17. ágúst.**  
**Mæting kl. 16.15 við Akureyrarkirkju, brottför kl. 16.30.**  
**Heimkoma: fimmtudaginn 18. ágúst kl. 18.00.**

**Hópur 3: Naustaskóli og Oddeyrarskóli. Fer fimmtudaginn 18. ágúst.**  
**Mæting kl. 16.15 við Akureyrarkirkju, brottför kl. 16.30.**  
**Heimkoma: föstudaginn 19. ágúst kl. 18.00.**

Við biðjum foreldra að sækja börnin að Akureyrarkirkju við heimkomu. Fermingarskólinn kostar kr. 3000 og verður innheimt í haust. Velkomið er að hafa samband við presta kirkjunnar vegna kostnaðar, ef foreldrar/forráðamenn sjá sér ekki fært að bjóða fermingarbarninu að koma vegna aðstæðna.

### Gott að vita:

- Fermingarskólinn er á Vestmannsvatni en þar hefur Þjóðkirkjan rekið sumarhúsið í áratugi.
- Þar er mötuneyti og því þarf ekki að hafa með sér nesti.
- Sofið verður í 3ja manna herbergjum og þurfa allir að koma með kotta og svefnpoka eða sængur.
- Gott að hafa handklæði og föt til skiptanna.
- Á dagskrá eru bátaferðir, gönguferðir, leikir og fleira.
- Tökum góða skapið með.
- Óheimilt er að hafa meðferðis síma, ipod og önnur slík tæki, sælgæti og gosdrykki.

Nánari upplýsingar í síma 462 7700 milli kl 9.00 og 13.00 virka daga.  
Hægt er að hafa samband við sr. Svavar í síma 860-2104 eða sr. Hildi Eir í síma 863-1504, ef nauðsyn krefur, meðan á ferðinni stendur.  
Símanúmerið á Vestmannsvatni er 464-3553.

Með kveðju frá prestunum í Akureyrarkirkju  
Svavar og Hildur Eir